

**Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)
við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS-HÍ)**

Yfirlit um starfsemi ársins 2011-12 kynnt á aðalfundi 28.mars 2012

Forstöðumaður Sólveig Jakobsdóttir

Stjórn RANNUM var tilnefnd á aðalfundi stofunnar 15.mars 2011 og samanstóð eins og áður af tveimur fulltrúum fagráðs í upplýsingatækni og miðlun við HÍ (Sólveigu Jakobsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur), einum starfsmanni HÍ utan Menntavísindasviðs (Ágústu Pálsdóttur) og fulltrúum stuðningsaðila stofunnar (Sjöfn Þórðardóttur f. h. Heimilis og skóla og Sólveigu Friðriksdóttur f.h. 3f – félags um upplýsingatækni og menntun). Sólveig Jakobsdóttir var áfram í forstöðuhlutverki fyrir stofuna. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi 12.4., 21.9., 9.12. og 5.3. Nú eru 40 einstaklingar aðilar að stofunni¹. Auk þess eru Heimili og skóli og 3f stuðningsaðilar áfram.

Starfi á vegum RANNUM á árinu 2011-12 má skipta í eftirfarandi þætti:

- Málstofur og hádegisverðarfundir
- Ráðstefnur og málþing
- Rannsóknir, þróunarstarf og samstarfsverkefni
- Vefmál, kynningarstarf og áframhaldandi þróun tengslanets
- Fræðsla

Málstofur og hádegisverðarfundir

Málstofur á vegum RANNUM voru áfram í hádegi á þriðjudögum. Frá aðalfundi 2011 hafa sjö verið haldnar um fjölbreytt efni. Í tveimur tilvikum var um að ræða erlenda fyrirlesara sem voru hér í heimsókn hér á landi og boðið að halda erindi, einn frá Finnlandi og einn frá Ástralíu. Tveir meistaranemar við Menntavísindasvið héldu erindi. Í þremur tilvikum var um að ræða sérfræðinga frá stofnunum. Hér er yfirlit um þær málstofur sem hafa verið í boði árið 2011 og í upphafi 2012.

Á vormisseri 2011 var boðið upp á fimm málstofur.

- 25.1. Kennaramenntun í fjarnámi samhliða kennslu í skóla – Þuríður Jóhannsdóttir
- 22.2. Wikipedia – einn áratugur – Salvör Gissurardóttir
- 15.3. Ungt fólk og netið: Viðhorf til öryggis og netsamskipta. Málstofa í samstarfi við SAFT - Einar Norðfjörð, fulltrúi í ungmennaráði SAFT og nemandi við Mennaskólann Hraðbraut.
- 12.4. Nýting upplýsingatækni til samskipta í tungumálanámi og –kennslu: Möguleikar og vandamál – Ida M. Semey kennari við MH og meistaranemi á kjörsviði í upplýsingatækni og miðlun. Málstofa í samstarfi við 3f – félag um upplýsingatækni og menntun.
- 18.5. Miðlamente – Leo Pekkala kennari við Háskólann í Lapplandi.

Á haustmisseri 2011 var boðið upp á þrjár málstofur.

- 20.9. Waiting for the revolution: education, ICT and school communities – mapping ICT in the present and future in school communities – Jacqueline Tinkler kennari við Charles Sturt University í Ástralíu.
- 25.10. PISA 2009: Læsi 15 ára nemenda á rafrænan texta – Almar Halldórsson frá Námsmatsstofnun.
- 29.11. Opinn eða lokaður tímaritaáðgangur? Hvar á að birta greinar? - Sólveig Þorsteinsdóttir, deildarstjóri Heilbrigðisvídindabókasafns Landsþítalans

Á vormisseri 2012 hafa verið haldnar tvær málstofur, báðar í tengslum við staðlotu í Nám og kennsla á Netinu.

- 28.2. Tákn á takteinum : opinn hugbúnaður og aðgangur að menntaefni - Valgerður Stefánsdóttir og Davíð Bjarnason, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra .
- 28.2. Samfélagsfræði í Second Life – Guðrún Margrét Sólonsdóttir, kennari í Garðaskóla og meistaranemi við Menntavísindasvið.

¹ Sjá vef <http://skrif.hi.is/rannum/um-stofuna/stofnadilar/>

Þátttaka hefur verið misjafnlega góð. En glærur, upptökur og annað tengt efni hefur í mörgum tilvikum verið gert aðgengilegt á vef RANNUM og á árinu höfum við getað boðið fólki á nokkrum málstofum að taka beint þátt í kerfinu Adobe Connect sem við höfum aðgang að í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Ráðstefnur og málþing

RANNUM kom að skipulagi þriggja ráðstefna á árinu.

Á **Menntakviku-ráðstefnunni** (árlegu þingi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands) 30.9. skipulögðum við þrjár málstofur á ráðstefnunni (<http://vefsetur.hi.is/menntakvika/>), með tólf erindum. Kallað var eftir framlögum á NING-vefnum en undirbúningshópur (Sólveig J., Þuríður og Ágústa) tók að sér skipulagsvinnuna). Boðið var upp á blöndu af efni frá kennurum og framhaldnemum svo og af vettvangi. Málstofurnar voru vel sóttar og m.a. voru framhaldsnemendur á námskeiðinu Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun sem mættu á málstofuna en eitt verkefni á því námskeiði var tengt málþinginu.

Málstofa	Erindi	Flytjendur
Nýjar leiðir í umgjörð náms á háskóla og framhaldsskólastigi; nýting samskiptatækni á neti	„Við kylðum á það...“ - Upplifun háskólakennara á því að kenna í fjarnámi í fyrsta sinn. Hindranir og hvatning	Ása Björk Stefánsdóttir Sara Stefánsdóttir
	„Ég er svo óvanur svona fjarnemastússi“.	Eygló Björnsdóttir
	Togstreita og tækifæri í samkenndu stað- og fjarnema við Kennaradeild MVS	Þuríður Jóhannsdóttir Sólveig Jakobsdóttir
	Fjarnámsbraut í auðlindanýtingu og umhverfisfræði	Halldór Árnason
B. Leikir og upplýsingatækni í grunnskólastarfi	Upplýsinga- og samskiptatækni í grunnskólum á Íslandi	Anna Guðrún Sigurvinsdóttir
	Skólasöfn í grunnskólum: vannýtt auðlind í þágu skólaþróunar?	Halla Ingibjörg Svavarsdóttir Kristín H. Thorarensen Siggeirur Ólöf Sigurðardóttir
	Notkun tölvuleikja í kenndu – Raunveruleikurinn í grunnskólastarfi	Hildur Óskarsdóttir
	Samfélagsfræði í Second Life	Guðrún Margrét Sólonsdóttir
C. Torg, gáttir og önnur rými: Könnunarferð um kjörland náms- og starfssamfélaga	NETTORG: Uppbygging tengsla- og félagsneta í menntun og rannsókn	Sólveig Jakobsdóttir Þátttakendur í NETTORG
	Spuni 2011 - netverkfæri til náms og kenndu	Þorbjörg Þorsteinsdóttir
	Hackerspaces og ný verkmenning - Samfélög um verklag, tækni og skapandi vinnu	Salvör Gissurardóttir
	Þróun og hugmyndafræði nýrrar Menntagáttar	Sigurbjörg Jóhannsdóttir Tryggvi Björgvinsson

A.m.k. ein grein í tengslum við þessi erindi birtist í kjölfarið í ráðstefnuriti Netlu

Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2011). Samkenndu stað- og fjarnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands: Reyndu og viðhorf kennara og nemenda – togstreita og tækifæri. Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun. <http://netla.hi.is/menntakvika2011/033.pdf>

Á ráðstefnu **Samtaka áhugafólks um skólaþróun** (Hvað má læra af rannsóknum á skólastarfi?) 18.11. skipulögðum við eina málstofu (sjá ráðstefnuvef <http://www.skolathroun.is/?pageid=86>). Á ráðstefnunni voru kynntar niðurstöður úr rannsókninni Starfshættir í grunnskólum 2009-2011 (<https://skrif.hi.is/starfshaettir/>). RANNUM var aðili að því verkefni. Á málstofunni kynntum við niðurstöður sem snéru að upplýsingatækni í skólastarfinu. Eftirtalin erindi voru haldin. Tvö þeirra voru meistaraverkefni sem lokið var árið 2010 og 2011. Þátttaka á málstofunni var góð og fjörugar umræður sköpuðust í kjölfarið. Sólveig J. og Torfi Hjartarson sáu um skipulagningu.

- [Sólveig Jakobsdóttir og Torfi Hjartarson: Upplýsingatækni í íslensku skólastarfi](#)
- [Bergþóra Þórhallsdóttir: Áhrif upplýsingatækni og rafrænnar stjórnsýslu á hlutverk skólustjóra](#)
- [Torfi Hjartarson: Rannsókn á skólasafni](#)
- [Bryndís Ásta Böðvarsdóttir: Mentor í grunnskólum](#)

Þá var RANNUM þátttakandi í undirbúningi og skipulagi ráðstefnu um opið menntaefni 21.nóvember (sjá ráðstefnuvef <http://atburdir.menntagatt.is/opidmenntaefni2011/>). Ráðstefnan var haldin í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og 3f. Sólveig J. og Sigurður Fjalar Jónsson voru ráðstefnustjórar. Fjöldmörg erindi voru og um helmingur flutt af aðilum RANNUM.

- Tryggvi Thayer: Opið menntaefni fyrir þekkingarþróun og starfsþjálfun kennara
- Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir með Brynhildi Ragnarsdóttur: Af Tungumálatorgi
- Sigurbjörg Jóhannesdóttir: Creative Commons
- Salvör Gissurardóttir: Inkscape fyrir unga nemendur
- Freyja Hreinsdóttir: GeoGebra
- Salvör Gissurardóttir: Wikipedia og Commons myndasafnið

Rannsóknir mat og þróunarstarf, samstarfsverkefni

NordForsk verkefni

Frá og með sumrinu 2012 er RANNUM komið í samstarfsnet með systurstofnunum á Norðurlöndum og í Eistlandi (sjá yfirlit hér fyrir neðan). Styrkur fékkst til samstarfsins frá NordForsk – Researcher Networks 2011 fyrir samstarfsnetið: Learning across contexts. Ola Erstad við Háskólann í Osló veitir verkefninu forystu. Sjá <http://www.uv.uio.no/pfi/english/research/networks/nordlac/>

- TransAction – learning, knowing and identity in the information society' research group in Oslo
Group Leader: Professor Ola Erstad, Institute for Educational Research, University of Oslo, Norway
- The Learning Bridges Research Center, Helsinki
Group Leader: Director/Professor Kristiina Kumpulainen, Information and evaluation services, National Board of Education & University of Helsinki
- The Linnaeus Centre for Research on Learning, Interaction and Mediated Communication in Contemporary Society (LinCS) (www.lincs.gu.se) Gothenburg
Group Leader: Professor Roger Säljö, professor of education and educational psychology at Göteborg University
- The DREAM Centre (Danish Research Centre on Education and Advanced Media Materials)
Group leader: Professor/Director Kirsten Drotner, University of Southern Denmark
- University of Tartu, Faculty of Social and Educational Sciences
Group Leader: Pille Pruulmann-Vengerfeldt, Associate Professor

Þetta samstarf mun væntanlega styrkja RANNUM verulega og þá doktorsnema RANNUM sem verða með í samstarfinu sem eru: Salvör Gissurardóttir, Skúlína Kjartansdóttir og Stefán Jökulsson. Aðrir fulltrúar RANNUM sem koma að samstarfinu eru: Sólveig J., Þuríður og Þorbjörn Broddason. Fyrsti fundur í verkefninu var haldinn í Osló í lok janúar og fóru þá Sólveig, Þuríður, Salvör og Skúlína. Næstu fundir verða í Hróarskeldu í maí og í Helsinki í september. Gert er ráð fyrir að peningar vegna verkefnisins (kostnaður vegna funda/ferðalaga) verði færðir inn á viðfang/reikning RANNUM á næstu vikum fyrir árið 2012 (um 40.000 NOK).

Upplýsingatækni í grunnskólum: Starfsháttaverkefnið og spjaldtölvur í Norðlingaskóla

RANNUM tók áfram virkan þátt í samstarfsverkefninu Starfshættir í grunnskólum sem fékk styrk frá RANNÍS í ársbyrjun 2009 (<http://skrif.hi.is/starfshaettir>) og Gerður Óskarsdóttir stýrir. Gagnasöfnun í þáttökuskólunum 20 lauk á árinu og unnið var með gögn úr vettvangsathugunum (sett í gagnagrunn sem aðgengilegur eru fyrir samstarfsaðila). Nokkrar skýrslur hafa verið birtar með niðurstöðum úr könnunum meðal nemenda og kennara þar sem m.a. eru allmargar spurningar sem snerta upplýsingatækni. Bergþóra Þórhallsdóttir skoðaði áhrif upplýsingatækni og rafrænnar stjórnsýslu á starf skólustjóra og lauk meistaraþrófsverkefni sínu haustið 2011 undir leiðsögn Sólveigar J. Fyrirhugað er að Sólveig, Torfi og Bergþóra skrifi kafla nú í vor um upplýsingatækni í grunnskólum í bók um starfsháttaverkefnið.

RANNUM var boðið að taka að sér mat á þróunarverkefni um spjaldtölvur í Norðlingaskóla. Björn Gunnlaugssoni kennari í Norðlingaskóla hafði samband við stofuna í árslok 2011 og var í kjölfarið boðið að koma á stjórnarfund RANNUM 9.desember. Þá var fleiri gestum boðið á fundinn, fulltrúum úr faghópi á kjörsviði í upplýsingatækni og miðlun (Salvöru Gissurardóttur, Stefáni Jökulssyni, Torfa Hjartarsyni og Jóni Jónassyni) ásamt Skúlínu Kjartansdóttur doktorsnema sem hafði tekið að sér mat á öðru spjaldtölvuverkefni (Biophiliu). Mikill áhugi var um samstarf og hefur RANNUM tekið að sér mat á verkefninu og á fulltrúa í stýrihóp (Sólveig J.) Matsáætlun var lögð fram í febrúar um það leyti sem verkefnið hófst. Gagnasöfnun er nú

að hefjast með viðtölum og vettvangsathugunum og munu Skúlinn og Sólveig sjá um þetta, væntanlega með aðstoð eins eða fleiri framhaldsnema á námskeiðinu Nám og kennsla á Netinu. Í samvinnu við kennara í Norðlingaskóla hafa verið unnar styrkumsóknir í Sprotasjóð, Nýsköpunarsjóð námsmanna og Tækjakaupasjóð Háskóla Íslands (lagðar fram í mars 2012) þar sem sótt hefur verið um fé í matsþáttinn í verkefninu. Einnig hefur verið leitað til Reykjavíkurborgar um að styrkja þann þátt en Reykjavíkurborg er samstarfsaðili. Sjá nánar um verkefnið á vefnum <http://spjaldtolvur.blogspot.com/>. Gert er ráð fyrir að erindi á málstofum RANNUM á þessu ári verði tengd spjaldtölvum og nýtingu þeirra í námi og kennslu.

Fjar- og dreifnám

Þuríður og Sólveig J. gerðu úttekt á dreifmenntarverkefninu SnæVest fyrir aðila að verkefninu. Matsskýrslan kom út í sumarlok og hefur verið birt á vef RANNUM (önnur útgáfa á vegum stofunnar).

Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2011). Dreifmenntarverkefnið SnæVest 2008-2011: Efling grunnskóla á landsbyggðinni með dreifmenntun - úttekt. Reykjavík: Menntavísindastofnun og RANNUM.
http://skrif.hi.is/rannum/files/2011/09/ThuridurJohannsdottir_SolveigJakobsdottir_SnaeVest_mat_2011.pdf

Niðurstöður hafa m.a. verið kynntar á ráðstefnu FUM (Félags um menntarannsóknir) fyrr í mánuðinum og fyrir aðila að verkefninu.

Sólveig J. og Þuríður hafa síðan haldið áfram f.h. RANNUM með rannsókn um samkenndu við Menntavísindasvið, sjá Netlugrein og ráðtefnuerindi hér fyrir ofan. Menntavísindasvið styrkir rannsóknina. Skýrsla um verkefnið er rétt ókomin út og verður þá þriðja skýrslan sem gefin er út á vegum RANNUM.

Erindi um matsverkefni frá 2010 um fjarnám í framhaldsskólum var haldið í Cambridge í september 2011 og grein í ráðstefnurit kom út um leið.

Þá hefur verið samstarf við Grænland um fjarnám og starfsþróun. Þuríður fór í lok september í tveggja daga heimsókn til Grænlands. Um var að ræða vinnustofu um fjarkennslu, fyrir litla skóla með ómentaða kennara (timelærere-leiðbeiningar). Þuríður var þar sem ráðgjafi fjallaði um kennaramenntun og kynnti m.a. Tungumálatorgið. Tekið var vel á móti hennti. Ole Thorleifsen, sem stýrir verkefninu, hitti Þuríði og Sólveigu hér á landi. Þær kynntu torgahugmyndina um starfsþróun og starfssamfélög. Í framhaldi af þeim fundi var Sólveigu og Þuríði báðum boðið til Grænlands til að ræða um stuðning við kennara mögulega aðkomu að verkefni. Þær fóru til Grænlands um miðjan mars 2012. Mögulega verður gerður samningur um aðkomu að verkefninu.

NETTORG - RANNÍS umsókn

Sótt var aftur um styrk 1. júní 2010 til RANNÍS í rannsóknasjóð fyrir verkefni sem bar heitið NETTORG: Uppbygging tengsla- og félagsneta í menntun og rannsóknum (NETTORG: Networking, education, teachers, technology stewards, open/online, research, growth). Samstarf var við þrjár aðrar rannsóknarstofur á Menntavísindasviði um umsóknina (Rannsóknarstofu um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls, Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi barna og unglinga og Rannsóknarstofu í fjölmenningsfræðum. Virkjaður var stór hópur af áhugasömum einstaklingum, kennurum og nemum. Haldnir voru nokkrir undirbúningsfundir á vormisseri. Í verkefninu átti annars vegar að skoða uppbyggingu tengsla- og félagsneta í menntun og rannsóknum (starfendarannsókn með 10 samfélögum). Hins vegar var markmiðið að skoða sérstaklega ákveðið samfélag Tungumálatorgið (6 verkefni) sem hefur samastað á netinu. Um var að ræða bæði þróunarverkefni til að stuðla að uppbyggingu torgsins fyrir mismunandi notendahópa og rannsóknir þar sem nýtingin og áhrif hennar væri skoðuð með eigind- og meginlegum aðferðum. Vonast var til að verkefnið gæti skapað fræðilegan og hagnýtan þekkingargrunn á nýju sviði sem getur gagnast vel til að nýta og þróa nýjar leiðir með nýjum miðlum og tæknimöguleikum í menntun og rannsóknum. Verkefnið fékk ekki styrk en þessi vinna hefur verið kynnt á innlendum og erlendum vettvangi og vakið athygli m.a. hjá stjórn Menntavísindasviðs og er nú tengt verkefni í deiglu á vegum sviðsins og hægt er að byggja á þessari vinnu í uppbyggingu Tungumálatorgs og fleiri sambærilegra torga (s.s. náttúru-torgs og sérkennslutorgs). Sólveig J. skráði sig sl. haust á námskeið á vegum Etienne Wenger á CPSquare (Community of practice on commuties of practice, <http://www.cpsquare.org>). Þuríður, Þorbjörg Þorsteinsdóttir, Svava Pétursdóttir og Hanna Rún Ragnarsdóttir gerðu verkefni sem lagt var fram á námskeiðinu. Sótt hefur verið um styrk í Kennslumálasjóð Háskóla Íslands til að fá Wenger til landsins til að halda erindi og vinnustofur í september 2012.

Önnur verkefni

Margt fleira hefur verið í gangi meðal annarra stofn- og stuðningsaðila. Sumir eru að vinna að doktorsverkefnum, aðrir að meistaraverkefnum og einnig hafa háskólakennarar í hópnum verið að stunda rannsóknir og/eða veita nemendum í hópnum leiðsögn. Þá eru margir að taka þátt í áhugaverðum þróunarverkefnum. Auk þess tekur SAFT þátt í stóru Evrópuverkefni um örugga netnotkun og hefur fengið áframhaldandi styrki í það verkefni. RANNUM hefur enn fremur tekið að sér að meta umsóknir fyrir Þróunarsjóð námsgagna.

Vefmál, kynningarstarf og myndun tengslanets

Wordpress vefur hefur verið þróaður áfram (<http://skrif.hi.is/rannum>). Skjalageymsla sem var á GoogleDocs var færð í Dropbox vorið 2011. Tengslanetið, sem Sólveig J. og Salvör settu upp og ber heitið Upplýsingatækni og miðlun í menntun – samfélag þeirra sem stunda nám, kennslu og rannsóknir á sviðinu. Þar eru nú 192 einstaklingar skráðir inn. Þar hafa verið stofnaðir allmargir hópar m.a. fyrir RANNUM en einnig fyrir mismunandi nemahópa eða tengda þeim s.s. fyrir fjarnám og –kennslu. Tengslanetið hefur aðallega verið nýtt til að koma á framfæri upplýsingum um fundi, ráðstefnur, málstofur o.fl. Það hefur aðeins færst í vöxt að aðrir en stjórnendur sendi inn upplýsingar. Nú eru 29 RANNUM aðilar sem hafa skráð sig í RANNUM hópinn og er sendur út póstur og tilkynningar í gegnum kerfið. Kostnaður við NING vefinn var um 28.000 kr. fyrir þetta starfsár.

Fræðsla

Fræðsluefni um Endnote og EndnoteWeb er að finna á RANNUM vefnum sem hefur verið mikið notað og einnig ýmsar aðrar upplýsingar s.s. um rannsóknir og ritgerðir. Þróa mætti áfram efni af þessum toga.

Lokaorð

Eins og sjá má á þessari skýrslu hefur öflugt starf verið unnið á vegum RANNUM. Stofan hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum til að sinna hlutverki sínu sem best. Fyrir tveimur árum var sett á laggirnar Menntavísindastofnun sem ætlað er m.a. að styðja rannsóknarstofur og einstaka rannsakendur við skipulag rannsókna og fjármögnunarleiðir. Leitað hefur verið til forstöðumanns stofnunarinnar um ýmis málefni t.d. gerð samninga vegna mats og ráðgjafaverkefna, gerð styrkumsókna og fleiri verkefna. Í maí 2011 komu út nýjar [reglur um rannsóknarstofurnar](#) sem tekið verður mið af m.a. um myndun nýrrar stjórnar til næstu þriggja ára.